



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 2. FUNDUR Á VORÖNN 2018
MIÐVIKUDAGINN 24. JANÚAR KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu.

Önnur bréf

Nemandi sækir um undanþágu frá bókfærslu til stúdentsprófs

Vísað til kennslustjóra í viðskiptagreinum til umsagnar.

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs

Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Nemandi sækir um stöðupróf í dönsku

Vísað til kennslustjóra í erlendum tungumálum til umsagnar.

Umsókn um stöðupróf í ensku frá síðasta fundi hafnað en umsókn um stöðupróf í spænsku er í ferli.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Söngkeppnin Jarmið fer fram 25. Janúar og eru 13 keppendur skráðir til leiks og 3 dómamar. Fésbókarsíðu NFFG var lokað og unnið er að því að koma upp nýrri síðu. Fjárhagsáætlun vegna árhátíðar var lögð fram og er undirbúningur lominn vel á veg. Foreldraráðið mun standa fyrir edrúpotti á árhátíðinni og útvega verðlaun. Framundan er svo Laser-tag í skólanum, Gettu betur keppnin, skíðaferð og keilumót.

3. Önnur mál

Fundinn sátu:

Anna Jeeves fulltrúi kennara
Dagný H. Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara
Finnbogi Jakobsson fjármálastjóri NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Petrún B. Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Rebekka Þurý Pétursdóttirfulltrúi NFFG
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi